

 <p><b>HÁSKÓLI ÍSLANDS</b></p>	<p align="center"><b>VERKLAGSREGLUR</b>  <b>um stjórnunar- og aðstöðugjald</b>  Byggðar á reglum Háskóla Íslands  um stjórnunar- og aðstöðugjald  nr. 160/2016</p>	<p>Bls. 1 af 2  Ábm. GRJ/HJ/JBJ  Samþ. í háskólaráði  4. febrúar 2016  Málsnúmer:  HI15110203</p>
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

## 1. Tilgangur og gildissvið

Stjórnunar- og aðstöðugjaldi er ætlað að mæta kostnaði vegna starfsemi er verður til vegna sértekna Háskóla Íslands, sbr. [reglur nr. 160/2016](#), samþykktar af háskólaráði 4. febrúar 2016.

Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði sem til fellur vegna viðkomandi verkefnis og ekki er viðurkenndur með öðrum hætti af styrkveitanda nema sem óbeinn kostnaður. Þessi óbeini kostnaður getur fallið á verkefni/rekstrareiningu, fræðasvið eða sameiginlega stjórnarsýslu og stoðþjónustu háskólans. Kostnaðurinn getur verið mismunandi eftir eðli rannsóknarverkefna og skipulagi innan fræðasviða.

Verklagsreglur þessar gilda um styrki frá innlendum og erlendum sjóðum sem heimila stjórnunar- og aðstöðugjald og þjónustuverkefni sem aðilar innan Háskóla Íslands semja um við utanaðkomandi aðila.

Stjórnunar- og aðstöðugjald er ekki lagt á styrki úr sjóðum sem fjármagnaðir eru með fjárveitingum eða öðrum fjármunum háskólans.

## 2. Stjórnunar- og aðstöðugjald

Almennt er lagt 25% stjórnunar- og aðstöðugjald á starfsemi háskólans sem fjármögnuð er af sértekjum, hvort sem þær eru vegna útseldrar þjónustu eða starfsemin er styrkt af utanaðkomandi sjóðum, nema reglur sjóðs mæli fyrir um annað.

Í öllum umsóknum um styrki í nafni Háskóla Íslands, starfsmanna háskólans og stofnana hans skal tilgreina 25% stjórnunar- og aðstöðugjald nema reglur viðkomandi sjóðs mæli fyrir um annað.

## 3. Ráðstöfun

Tekjum af stjórnunar- og aðstöðugjaldi skal ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. 40% til viðkomandi verkefnis/rekstrareiningar,
2. 40% til viðkomandi fræðasviðs,
3. 20% til sameiginlegra útgjalda háskólans.

Með verkefni eða rekstrareiningu er átt við þann aðila innan háskólans sem ber fjárhagslega og faglega ábyrgð á því verkefni sem styrkt er, s.s. deild, stofnun, stofu eða rannsóknarhóp innan viðkomandi fræðasviðs. Ráðstöfun þessa hluta er eftir atvikum á sameiginlegu forræði verkefnisstjóra og viðkomandi rekstrareiningar.

Forseta fræðasviðs er heimilt að verja hluta af því sem rennur til fræðasviðsins til einstakra verkefna/rekstrareininga ef efni standa til. Þetta á við þegar kostnaður samkvæmt b-lið 4. gr. verklagsreglna þessara fellur fyrst og fremst á verkefni/rekstrareiningu.

Heimili rannsóknasjóðir herra eða lægra gjald gilda sömu hlutföll og að ofan.

Þegar fleiri en eitt fræðasvið HÍ eða aðili utan HÍ tengist viðkomandi verkefni skiptist stjórnunar- og aðstöðugjald í sömu hlutföllum og styrknum er skipt á milli aðila nema annað sé tekið fram í sérstöku skriflegu samkomulagi.

## 4. Kostnaðarliðir

- a. **Kostnaðarliðir viðkomandi verkefnis/rekstrareiningar** sem teljast til stjórnunar og aðstöðu geta verið: Ýmiss kostnaður sem ekki er heimilt að nota viðeigandi rannsóknarstyrk til, en sem tengist viðkomandi verkefni, t.d. virðisaukaskattur, gengistap, kaup eða leiga á búnaði o.fl. í tengslum við rekstur verkefnis.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**VERKLAGSREGLUR**  
**um stjórnunar- og aðstöðugjald**  
Byggðar á reglum Háskóla Íslands  
um stjórnunar- og aðstöðugjald  
nr. 160/2016

Bls. 2 af 2  
Ábm. GRJ/HJ/JBJ  
Samþ. í háskólaráði  
4. febrúar 2016  
Málsnúmer:  
HI15110203

- b. Kostnaðarliðir viðkomandi fræðasviðs eru almennt þessir:** Stoðþjónusta fræðasviðs við verkefnið, skrifstofa, húsnæði, tölvu- og símaþjónusta og fleira.
- c. Kostnaðarliðir sameiginlegra útgjalda háskólans** eru miðlæg stoðþjónusta, aðstoð og eftirlit vegna umsókna um styrki, samningagerð og lögfræðiþjónusta, reikningshald, bókhald, skjalavarsla, eftirlit með rekstri verkefna og uppgjör, starfsmanna- og launamál og fleira.

## 5. Bókun og uppgjör

### a. Styrkir

Í milli- og lokauppgjörum styrkja frá erlendum sjóðum skal gjaldfæra stjórnunar- og aðstöðugjald í samræmi við útgjöld verkefnis og uppgjörreglur. Þegar um innlenda styrki er að ræða er gjaldið bókfært um leið og styrkur berst Háskóla Íslands.

Komi til leiðréttingar eða endurgreiðslu á styrkjum nær það einnig yfir stjórnunar- og aðstöðugjald.

### b. Þjónustuverkefni

Stjórnunar- og aðstöðugjald af þjónustuverkefnum kemur til framkvæmda 1. janúar 2017. Á reikningi vegna útseldrar vinnu skal leggja 25% stjórnunar- og aðstöðugjald ofan á launalið og skal það aðgreint frá öðrum þáttum. Gjaldið er bókfært um leið og reikningur er gerður.

### c. Eftirlit og skil á upplýsingum

Vísinda- og nýsköpunarsvið og fjármálasvið hafa eftirlit með því að bókun og uppgjör séu í samræmi við framangreint.

Standa ber skil á upplýsingum til vísinda- og nýsköpunarsviðs um styrki og þjónustuverkefni sem bera stjórnunar- og aðstöðugjald.

## 6. Eftirfylgni og endurskoðun

Fjármálasvið í samstarfi við vísinda- og nýsköpunarsvið og stjórnsýslu fræðasviða skulu, á fyrsta ári eftir gildistöku reglna þessara, fylgjast náið með uppgjóri rannsóknarverkefna, innheimtu og ráðstöfun gjaldsins auk þess að greina kostnað við aðstöðu og stjórnun rannsóknarverkefna og hvar hann fellur til.

Reglur þessar ber að endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku, sbr. 3 gr. [reglna Háskóla Íslands um stjórnunar og aðstöðugjald nr. 160/2016](#). Við endurskoðun skal taka tillit til greiningar, sbr. 1. mgr., framkvæmdarinnar, hlutfallslegrar skiptingar tekna og jafnframt til þess hvort og hvernig tekjur af gjaldinu hafi breytt eða bætt þjónustu við þau verkefni sem gjaldið bera.

Verði gerðar breytingar á reglum um stjórnunar- og aðstöðugjald skal uppfæra verklagsreglur þessar til samræmis.

## 7. Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka gildi samhliða gildistöku reglna Háskóla Íslands um stjórnunar- og aðstöðugjald.